

**AÐALFUNDUR HB GRANDA HF. 10.04.2015
SKÝRSLA FORMANNS STJÓRNAR,
KRISTJÁNS LOFTSSONAR**

FUNDARSTJÓRI, GÓÐIR FUNDARMENN.

STARFSEMI HB GRANDA VAR MEÐ SAMA SNIÐI ÁRIÐ 2014 OG ÁRIN ÞAR Á UNÐAN. TEKJURNAR, 215 MILLJÓNIR EVRA, VORU 10,2% HÆRRI EN ÁRIÐ 2013 OG EBITDA FÉLAGSINS VAR 50 MILLJÓNIR EVRA EÐA 10,6% HÆRRI EN ÁRIÐ 2013.

HREINN HAGNAÐUR FÉLAGSINS VAR 36 MILLJÓNIR EVRA, SEM ER ÖRLÍTID MEIRI HAGNAÐUR EN ÁRIÐ 2013.

DÓTTUR- OG HLUTDEILDARFÉLÖG.

MIG LANGAR AÐ FARA NOKKRUM ORÐUM UM DÓTTUR- OG HLUTDEILDARFÉLÖG OKKAR EN ÞAR URÐU NOKKRAR BREYTINGAR Á SÍÐASTA ÁRI:

Í ÁRSLOK SELDI HB GRANDI 65% EIGNARHLUT SINN Í STOFNFISKI.

SÖLUVERÐ EIGNARHLUTANS, AÐ FRÁDREGNUM KOSTNAÐI, NAM 11,9 MILLJÓNUM EVRA.

SÖLUVERÐIÐ GETUR ÞÓ HÆKKAÐ NÁI STOFNFISKUR SÖLUMARKMIÐUM SÍNUM INNAN ÞRIGGJA ÁRA.

UMFRAM SÖLUVERÐ GETUR ORÐIÐ AÐ HÁMARKI 8,5 MILLJÓNIR EVRA.

TEKJUR STOFNFISKS NÁMU 8,4 MILLJÓNUM EVRA OG HAGNAÐUR VARÐ AF REKSTRINUM AÐ FJÁRHÆÐ 1,8 MILLJÓN EVRA Á SÍÐSTA ÁRI.

STOFNFISKUR ER HLUTI AF REKSTRARREIKNINGI SAMSTÆÐUNNAR ALLT ÁRIÐ 2014.

ÞÁ KEYPTI HB GRANDI Á ÁRINU 76,2% EIGNARHLUT Í NORÐANFISKI EN FYRIR ÁTTI FÉLAGIÐ 23,8% EIGNARHLUT Í FYRIRTÆKINU.

SÉ HORFT TIL HLUTDEILDARFÉLAGS OKKAR, DERIS, Í SÍLE, REYNDIST ÁRIÐ 2014 NOKKUÐ HÆGSTÆÐARA EN ÁRIÐ 2013. ÁHRIF 20% HLUTAR OKKAR, SEM BÓKFÆRÐUR ER Á 19,6 MILLJÓNIR EVRA Í ÁRSLOK, VORU JÁKVÆÐ UM 2,8 MILLJÓNIR EVRA, EN VORU JÁKVÆÐ UM 700 ÞÚSUND EVRUR ÁRIÐ 2013.

DERIS GERIR ÚT FRYSTITOGARA OG ÍSFISKTOGARA AUK ÞESS AÐ REKA TVÖ FISKIÐJUVER OG FISKELDISSTÖÐVAR FYRIR LAX.

Í MARS 2015 GEKK HB GRANDI FRÁ LÁNSSAMNINGI ÞAR SEM FÉLAGIÐ LÁNAR DÓTTURFÉLAGI SÍNU, GRANDI LIMITADA Í SÍLE, ALLS 8 MILLJÓNIR USD.

LÁNSFJÁRHÆÐIN VERÐUR LÁNUÐ ÁFRAM TIL DERIS S.A. Í SÍLE OG MUN LÁNIÐ BERA 6 MÁNAÐA LIBOR VEXTI AUK 3% ÁLAGS. LÁNINGU VERÐUR VARIÐ TIL FJÁRFESTINGA Í SJÁVARÚTVEGI Í SÍLE.

ÁHRIF HLUTDEILDARFÉLAGA OKKAR, VORU JÁKVÆÐ UM 2,9 MILLJÓNIR EVRA ÁRIÐ 2014 EN JÁKVÆÐ UM 800 ÞÚSUND EVRA ÁRIÐ 2013.

VEIÐIGJÖLD.

ÉG HEF HAMRAÐ Á ÞVÍ Á UN DANFÖRNUM TVEIM AÐALFUNDUM FÉLAGSINS AÐ

„ÚTGERÐIN HEFUR LÝST ÞVÍ YFIR AÐ HÚN SÉ TILBÚIN TIL AÐ GREIÐA HÓFLEGT GJALD, SEM KALLA MÁ AUÐLINDARENTU. HVERNIG ÞÁ AUÐLINDARENTU SKULI REIKNA ÚT GETUR AUÐVITAÐ VERIÐ Á MARGA VEGU.

HEF ÉG LEYFT MÉR AÐ LEGGJA TIL AÐ AUÐLINDARENTA VERÐI GREIDD AF LÖNDUÐUM AFLA, ENDA UPPLÝSINGAR ÞAR UM AUÐSÓTTAR HJÁ FISKISTOFU.

SETT VERÐI Á FÓT NEFND VALINKUNNRA MANNA ER REIKNI ÚT GJALD FYRIR HVERJA FISKITEGUND FYRIR SIG, SEM ENDURSKOÐA MEGI T.D. ÞRISVAR Á ÁRI EFTIR ÞVÍ HVORT VERULEGAR BREYTINGAR HAFI ORÐIÐ Á VERÐI HVERRAR TEGUNDAR Á MÖRKUÐUM. VIÐ ÁKVÖRÐUN AUÐLINDARENTUNNAR Á HINAR ÝMSU FISKTEGUNDIR VÆRI TEKIÐ TILLIT TIL KOSTNAÐAR VIÐ AÐ SÆKJA ÞÆR, EN SÁ KOSTNAÐUR GETUR VERIÐ MJÖG MISMUNANDI, ÞANNIG AÐ ÞORSKÍGILDISSTUÐLAR DUGA EKKI VIÐ ÞANNIG ÚTREIKNINGA.

ÉG SÉ FYRIR MÉR ÞANNIG ÚTFÆRSLU, SEM MJÖG GEGNSÆJA OG EINFALDA, ÞANNIG AÐ FLESTIR MYNDU SKILJA HVERNIG AUÐLINDARENTAN VÆRI ÁKVEÐIN.

ÉG HEF STUNGIÐ UPP Á ÞESSU ÞVÍ NÚVERANDI AUÐLINDAGJALDS ÚTREIKNINGAR ERU GJÖRSAMLEGA ÓÁSÆTTANLEGIR OG VERÐUR AÐ AFNEMA““

SÍÐAN VAKTI ÉG ATHYGLI Á ÞVÍ Á AÐALFUNDINUM Í FYRRA, NÁNAR TILTEKIÐ 21. MARS, AÐ, AÐ STÖRFUM VÆRI VEIÐIGJALDANEFND, SEM ER AÐ VINNA Í ÞESSUM MÁLUM. SAGÐIST ÉG VONA AÐ NEFNDIN LEGGI TIL ÚTFÆRSLU AUÐLINDARENTU ÚTREIKNINGA EITTHVAÐ Í ÞEIM DÚR, ER ÉG HEF REIFAÐ HÉR.

ÞAÐ GERIST SVO ER VEIÐIGJÖLD FYRIR FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015, SEM ER, EINS OG FLESTIR VITA, FRÁ 01.09.2014 TIL 31.08.2015, VORU SAMÞYKKT Á ALÞINGI Í MAÍ 2014 AÐ ÞORSKÍGILDISSTUÐLUM VIÐ ÚTREIKNINGA VEIÐIGJALDS VAR KASTAÐ FYRIR RÓÐA.

TEKIÐ VAR UPP VEIÐIGJALD ER LAGT VAR Á HVERT KÍLÓ AFLAMARKS, MISMUNANDI EFTIR TEGUNDUM.

INNHEIMTA VEIÐIGJALDS VAR EINS OG ÁÐUR, FJÓRUM SINNUM Á FISKVEIÐIÁRINU.

NÚ BREGÐUR SVO VIÐ AÐ Í FRUMVARPI ÞVÍ ER LAGT HEFUR VERIÐ FRAM Á ALÞINGI UM VEIÐIGJÖLD OG ER TIL ÞRIGGJA ÁRA, FRÁ 01.09.2015, AÐ ÞAR ER GERT RÁÐ FYRIR STAÐGREIÐSLU MIÐAÐ VIÐ LANDAÐAN AFLA. VONA ÉG AÐ ALÞINGI SAMÞYKKI ÞESSA TILHÖGUN, NÚ Í VOR.

LEYFI ÉG MÉR AÐ SEGJA AÐ STJÓRNVÖLD HAFNA TEKIÐ VERULEGT TILLIT TIL SJÓNARMÍÐA ÞEIRRA ER ÉG HEF REIFAÐ Á AÐALFUNDUM HB GRANDA HF. TVÖ SIÐUSTU ÁR, OG BER AÐ ÞAKKA ÞAÐ.

VEIÐIGJÖLD, TEKJUSKATTUR OG TRYGGINGAGJALD.

Á FISKVEIÐIÁRINU 2013/2014 INNHEIMTI FISKISTOFA VEIÐIGJÖLD (AUÐLINDARENTU) UPP Á 9,2 MILLJARÐA ÍSL. KRÓNA OG AF ÞEIRRI UPPHÆÐ GREIÐDI HB GRANDI UM 1,3 MILLJARÐA ÍSL. KRÓNA EÐA UM 14,6% AF INNHEIMTUM VEIÐIGJÖLDUM FISKISTOFU.

SKATTMANN ER EKKI ALVEG HÆTTUR HÉR ÞVÍ ÞESSU TIL VIÐBÓTAR GREIÐDI FÉLAGIÐ OPINBER GJÖLD Í FORMI TEKJUSKATTS OG TRYGGINGAGJALDS, RÚMA 1,7 MILLJARÐA ÍSL. KRÓNA.

SAMTALS ERU ÞETTA GJÖLD SEM NEMA UM 3 MILLJÖRÐUM ÍSL. KRÓNA.

EF VIÐ SKOÐUM ÞESSAR UPPHÆÐIR AÐEINS NÁNAR OG FINNUM OKKUR EINHVERJA TIL AÐ BERA OKKUR SAMAN VIÐ, SEM INNHEIMTUMENN RÍKISSJÓÐS ERU AÐ BERJA Á, ÞÁ KEMUR Í LJÓS AÐ HB GRANDI ER 11 HÆSTI GJALDANDI TEKJUSKATTS OG TRYGGINGAGJALDS Á LANDINU.

EF VIÐ LEGGJUM SÍÐAN VEIÐIGJÖLDIN VIÐ TEKJUSKATTINN OG TRYGGINGAGJALDIÐ, SEM ER EINS OG ÁÐUR SAGÐI UM 3 MILLJARÐAR ÍSL. KRÓNUR, ÞÁ ERU ÞAÐ EINGÖNGU RÍKISSJÓÐUR, REYKJAVÍKURBORG OG FJÁRMÁLASTOFNARNIR SEM SLÁ HB GRANDA ÚT MEÐ HÆRRI GREIÐSLUM TIL RÍKISSJÓÐS ÍSLANDS.

ÝMSAR HEIMILDIR ERU TIL STAÐAR, SEM HEIMILA LÆKKUN EÐA NIÐURFELLINGU VEIÐIGJALDA TIL ÚTGERÐARFYRIRTÆKJA. NAM ÞESSI HEILDAR LÆKKUN/AFSLÁTTUR FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014 SAMTALS UM 1,4 MILLJÖRÐUM KRÓNA, EN HB GRANDI HF. NAUT ENGRA SLÍKRA FRÍÐINDA.

KVÓTAÞAK EINSTAKRA ÚTGERÐA.

UPPLÝSINGAR FRÁ FISKISTOFU Í BYRJUN ÁRSINS (2015) UM AÐ HB GRANDI HEFÐI FARIÐ YFIR LEYFILEG MÖRK HEILDARAFLAHLUTDEILDAR, EÐA 12,2%, VÖKTU NOKKRA ATHYGLI.

ÉG SAGÐI EFTIRFARANDI Á AÐLAFUNDINUM Í FYRRA OG LEYFI MÉR AÐ ENDURTAKA ÞAÐ AFTUR NÚ:

„SAMKVÆMT LÖGUM UM STJÓRN FISKVEIÐA MÁ HEILDARAFLAHLUTDEILD FISKISKIPA Í EIGU EINSTAKRA EÐA TENGDRA AÐILA EKKI FARA YFIR 12% AF HEILDARVERÐMÆTI AFLAHLUTDEILDA ALLRA TEGUNDA.

FÉLAGIÐ HEFUR 6 MÁNUÐI TIL AÐ AÐLAGA HÁMARKSHLUTDEILDINA.

Á MANNAMÁLI ÞÝÐIR ÞETTA AÐ HB GRANDI VERÐUR AÐ LOSA SIG VIÐ VEIÐIHEIMILDIR SVO FARIÐ SÉ UNDIR 12% MARKIÐ.“

NÆST ÞEGAR ÞETTA VERÐUR REIKNAD ÚT, Þ.E. FYRIR FISKVEIÐIÁRIÐ 2015/2016, STEFNIR ALLT Í AÐ TIL ENGRA BREYTINGA ÞURFI AÐ KOMA Á HEIMILDUM HB GRANDA VEGNA ÞESS AÐ ÞORSKVERÐ HEFUR HÆKKAÐ VERULEGA.

ÁRIÐ 2006, EFTIR AÐ FÉLAGIÐ VARÐ TIL Í NÚVERANDI MYND, VAR HLOTDEILD FÉLAGSINS 10,6%. SÍÐAN HAFNA ENGAR BREYTINGAR ORÐIÐ Á AFLAHLUTDEILD ÞESS, VIÐ HÖFUM HVORKI KEYPT NÉ SELT AFLAHLUTDEILD.

ÝMIS DÆMI ER HÆGT AÐ NEFNA, SEM SÝNA AÐ VIÐ ÓBREYTTAR REGLUR VERÐUR ILLA UNAD.

VERÐI T.D. SÚ BREYTING EIN AÐ VERÐ Á KARFA LÆKKI UM 10% GAGNVART ÞORSKI FER HLOTDEILD OKKAR NIÐUR FYRIR MARKIÐ.

VERÐI HINS VEGAR VERÐ ÓBREYTT OG SÚ BREYTING EIN AÐ AFLAMARK Í ÞORSKI VERÐI AUKIÐ UM 20.000 TONN MUN HLOTDEILD OKKAR LÆKKA Í 11,9%.

ÝMISLEGT ANNAÐ MÁ TELJA TIL EINS OG ÞAÐ AÐ AUKIN LANDVINNSLA ÞORSKS Á KOSTNAÐ SJÓFRYSTINGAR LÆKKAR VERÐMÆTI HANS Í AFLAHLUTDEILD ÞRÁTT FYRIR AÐ ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI AUKIST. ÞAÐ ER VEGNA ÞESS AÐ MEÐALVERÐ LANDAÐS ÞORSKS LÆKKAR OG ÞAR MEÐ VERÐ HANS Í ÞORSKÍGILDUM.

AUKIST HLUTFALL SJÓFRYSTINGAR Á KARFA MUN ÞAÐ HÆKKA ÞORSKÍGILDISSTUÐUL KARFA BURTSÉÐ FRÁ ÖÐRUM BREYTINGUM.

SÝNIR ÞETTA FÁRÁNLEIKA ÞESSARAR NÁLGUNAR OG VERÐA STJÓRNVÖLD AÐ LAGA ÞETTA SVO SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI GETI HAFT FESTU Í SÍNUM REKSTRI.

ÞVÍ FER FJARRI AÐ ÞAÐ HAFI VERIÐ EÐA SÉ ÆTLAN FÉLAGSINS AÐ FARA YFIR LEYFILEGA AFLAHLUTDEILD EN ÞETTA ER EINFALDLEGA ÞAÐ UMHVERFI OG REGLUVERK SEM FÉLAGIÐ BÝR VIÐ.

EIN LEIÐ TIL AÐ AUÐVELDA BÆÐI EFTIRLIT OG EFTIRFYLGNI HÁMARKSHLUTDEILDAR ER AÐ MIÐA HÁMARKIÐ VIÐ ÁKVEÐNA FASTA ÞORSKÍGILDISSTUÐLA, SEM EKKI BREYTAST VIÐ FLÖKT Á VERÐI EÐA LÖNDUNARMYNSTRI EINSTAKRA TEGUNDA.

Í DAG HEFUR EKKERT GERST AF HÁLFU STJÓRNVALDA TIL AÐ AUÐVELDA FYRIRTÆKJUM EINS OG HB GRANDA LÍFIÐ HVAÐ ÞETTA VARÐAR. ÞAÐ SAMA MÁ SEGJA UM STJÓRNSÝSLUNA, HENNA EFTIRLIT VERÐUR MUN AUÐVELDARA. ÞANNIG YRÐI HÉR UM „WIN, WIN“, FYRIR ALLA.

MUNUM VIÐ MASA UM ÞETTA MÁL ER TÆKIFÆRI BJÓÐAST, SVO ÞVÍ VERÐI KOMIÐ Í BETRA HORF FYRIR ALLA AÐILA.

NÝSMÍÐI.

ÉG GERÐI GREIN FYRIR ÞVÍ Á AÐALFUNDI ÁRIÐ 2014 AÐ FÉLAGIÐ HEFÐI GERT SAMNING VIÐ CELIKTRANS DENIS INSAAT LTD., SEM ER SKIPASMÍÐASTÖÐ Í TYRKLANDI, UM SMÍÐI TVEGGJA UPPSJÁVARSKIPA. FJÁRHÆÐ SAMNINGSINS NEMUR 45 MILLJÓNUM EVRA.

Í DAG ER UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM VIÐ SMÍÐI SKIPANNA OG ER REIKNAD MEÐ ÞVÍ AÐ FYRRA SKIPIÐ, VENUS, VERÐI AFHENT Í LOK APRÍL OG SEINNA SKIPIÐ, VÍKINGUR, KOMI SÍÐAN FYRIR LOK ÞESSA ÁRS.

Á ÁRINU VAR SAMIÐ VIÐ SÖMU SKIPASMÍÐASTÖÐINA Í TYRKLANDI, UM SMÍÐI ÞRIGGJA NÝRRA ÍSFISKTOGARA OG NEMUR FJÁRHÆÐ SAMNINGANNA 44 MILLJÓNUM EVRA. MEÐ SMÍÐI SKIPANNA ER AUKIN ÁHERSLA LÖGÐ Á GÆÐI, LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐ OG BÆTTA VINNUAÐSTÖÐU OG AÐBÚNAÐ SJÓMANNA.

BÚIÐ ER AÐ ÁKVEÐA AÐ NÝJU ÍSFISKTOGARARNIR HLJÓTI NÖFNIN ENGEY, AKUREY OG VIÐEY. FYRSTI TOGARINN, ENGEY, ER VÆNTANLEGUR TIL LANDSINS SUMARIÐ 2016.

JAFNFRAMT VAR SAMIÐ VIÐ SKAGANN HF Á AKRANESI OG 3X TECHNOLOGY EHF Á ÍSLANDI UM NÝJAN OG BYLTINGARKENNDAN VINNSLU- OG LESTARBÚNAÐ Í SKIPIN.

SAMNINGARNIR BYGGJA Á ÍTARLEGUM RANNSÓKNUM, HÖNNUN OG ÞRÓUN BÚNAÐAR Á VINNSLUDEKKI OG Í LEST MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ AUKA VERULEGA GEYMSLUPÓL OG GÆÐI FISKSINS, ÁSAMT ÞVÍ AÐ LÁGMARKA KOSTNAÐ OG BÆTA VINNUAÐSTÖÐU SJÓMANNANNA.

BÚNAÐUR Á VINNSLUDEKKI ER JAFNFRAMT HANNAÐUR ÞANNIG AÐ SÉRSTÖK ÁHERSLA ER LÖGÐ Á AÐSTÖÐU TIL NÝTINGAR SLÓGS, LIFRAR OG HROGNA.

FÉLAGIÐ HEFUR NÚ Gengið frá LÁNSFJÁRMÖGNUN UPPSJÁVARSKIPANNA ÁSAMT ENDURFJÁRMÖGNUN Á ELDRI LANGTÍMALÁNUM VIÐ ARION BANKA HF. OG DNB BANKA ASA. FJÁRMÖGNUNIN ER ALLS AÐ FJÁRHÆÐ 77 MILLJÓN EVRUR, SEM DREGIÐ VERÐUR Á Í ÞREMUR HLUTUM OG MUN LÁNSTÍMI HVERS ÁDRÁTTAR VERA 5 ÁR, MEÐ 15 ÁRA AFBORGUNARFERLI.

LÁNSSAMNINGURINN BER BREYTILEGA VEXTI OG ERU NÚGILDANDI MEÐALVEXTIR 2,8%.

SKRÁNING Á AÐALLISTA KAUPHALLARINNAR.

ÞANN 25 APRÍL 2014 VAR HLUTAFÉ FÉLAGSINS SKRÁÐ Á NASDAQ OMX ICELAND.

VOGUN HF., ARION BANKI HF., OG FISKVEIÐAHLUTAFÉLAGIÐ VENUS HF. SELDU SAMTALS 25,4% AF EIGNARHLUT SÍNUM TIL 2.300 NÝRRA HLUTHAFA Í HLUTAFJÁRÚTBOÐI SEM LAUK 10. APRÍL 2014.

HLUTAFÉ FÉLAGSINS SKIPTIST Í ÁRSLOK Á 2.036 HLUTHAFA, EN ÞEIR VORU 572 Í ÁRSBYRJUN 2014 OG FJÖLGAÐI ÞVÍ UM 1.464 Á ÁRINU. ALLIR HLUTIR NJÓTA SÖMU RÉTTINDA.

MEÐ HLUTAFJÁRÚTBOÐI ÞESSU VAR MARKMIÐI OKKAR NÁÐ UM DREIFÐARA EIGNARHALD Í FÉLAGINU EINS OG STEFNT VAR AÐ.

Í FRAMHALDI AF SKÁRNINGU HB GRANDA Á NASDAQ OMX ICELAND VAR SAMIÐ VIÐ ARION BANKA OG ÍSLANDBANKA UM AÐ SINNA VIÐSKIPTAVAKT MEÐ HLUTI Í FÉLAGINU.

Í ÁRSLOK 2014 VAR GENGI HLUTABRÉFA FÉLAGSINS 33,8. LOKAGENGI ÁRSINS 2013 VAR 22. GENGIÐ HÆKKAÐI ÞVÍ UM RÚM 54% Á ÁRINU.

SKRÁÐ VIÐSKIPTI MEÐ HLUTABRÉF Í HB GRANDA NÁMU 30,8 MILLJÖRÐUM KRÓNA ÁRIÐ 2014, ÞAR AF VORU VIÐSKIPTI Í ÚTBOÐI FÉLAGSINS Í APRÍL 2014 12,8 MILLJARÐAR KRÓNA.

Á ÞESSU MÁ SJÁ AÐ LÍFLEG VIÐSKIPTI VORU MEÐ BRÉF FÉLAGSINS Á ÁRINU 2014.

ÚRVALSVÍSITALA OMX ICELAND HÆKKAÐI UM 4,08% ÁRIÐ 2014.

KYNNI ÉG NÚ ÞÆR TILLÖGUR, SEM STJÓRNIN LEGGUR FYRIR FUNDINN.

LÖGÐ ER FRAM TILLAGA UM, AÐ ÚTHLUTAD VERÐI ARÐI SEM ER 1,50 KR. AF HVERJUM HLUT ÚTISTANDI HLUTAFJÁR. ÞESSI ARÐUR ER UM 48% AF HAGNAÐI ÁRSINS.

ÞESSI ARÐGREIÐSLA ÞOKAR OKKUR FRAM VEGINN MEÐ ÞÁ STEFNU AÐ UPPSAFNAÐUR ARÐUR SKULI HVERJU SINNI VERA, SEM NÆST HELMINGI AF SAMANLÖGÐUM HAGNAÐI LIÐINNA ÁRA, EN SÍÐASTLIÐIN 10 ÁR ER ÞETTA 34,2% REIKNAD Á VERÐLAGI Í MARS 2015.

ÞAÐ VERÐUR SVO LÖGÐ FRAM TILLAGA UM HEIMILD STJÓRNAR TIL KAUPA Á EIGIN HLUTUM EN SVIPUÐ TILLAGA HEFUR VERIÐ SAMÞYKKT ÁRLEGA NOKKUR UNANFARIN ÁR.

EINNIG ER LÖGÐ FRAM TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR AÐ STARFSKJARASTEFNU.

AÐ LOKUM, VIL ÉG FYRIR HÖND STJÓRNARINNAR FÆRA ÖLLUM STARFSMÖNNUM FÉLAGSINS KÆRAR ÞAKKIR FYRIR VEL UNNIN STÖRF.